

Alþingi
Erindi nr. P 135/1183
komudagur 23.1.2008

Skýrsla

til iðnaðarráðuneytisins
um ráðstöfun iðnaðarmálagjalds
árið 2006



Samtök iðnaðarins

29. október 2007

Skýrsla Samtaka iðnaðarins til iðnaðarráðuneytisins um ráðstöfun iðnaðarmálagjalds árið 2006

Lagagrunnur

Samkvæmt lögum nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald er gjaldið lagt á nær allan iðnað í landinu (að undanskildum tilteknum ÍSAT-númerum). Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins og skal þeim varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Af gjaldinu renna 0,5% í ríkissjóð vegna kostnaðar ríkissjóðs við Innhelmtu þess.

Samkvæmt lögnum elga Samtök iðnaðarins að senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis tekjanna.

Reglulegt samráð og upplýsingagjöf

Samtök iðnaðarins héldu aðalfund sinn, Iðnþing, 16. mars 2007 og þar var lögð fram ítarleg ársskýrsla með nákvæmu yfirliti yfir starfsemi Samtakanna á liðnu starfsári ásamt ársreikningi fyrir liðið starfsár.

Samtök iðnaðarins elga reglulega fundi með iðnaðarráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins þar sem rædd eru hagsmunamál iðnaðarins og hvernig best verði unnið að framgangi þeirra á vettvangi ráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins. Þar er einnig rætt um verkefni sem unnið er að á vettvangi Samtaka iðnaðarins og verkefni sem ráðuneytið og Samtökin vinna sameiginlega að.

Þessi sérstaka skýrsla um ráðstöfun iðnaðarmálagjaldsins er því til viðbótar og fyllingar því sem að framan er rakið um upplýsingastreymi milli ráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins.

Rétt er að geta þess að fullendurskoðaðir ársreikningar Samtaka iðnaðarins með öllum sundurliðunum hafa verið sendir ráðuneytinu sem trúnaðarmál, að beiðni þess, til þess að það geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Elginfjárstaða Samtaka iðnaðarins

Í framhaldi af fundi sem starfsmenn iðnaðarráðuneytisins áttu með höfundum þessarar skýrslu þann 8. október sl. og bréfs ráðuneytisins frá 10. október hefur löggiltur endurskoðandi Samtaka iðnaðarins, Gunnar M. Erlingsson, DFK endurskoðun, tekið saman yfirlit yfir elginfjárbreytingar Samtaka iðnaðarins allt frá stofndegi þeirra 1. janúar 1994. Fylgir það yfirlit með þessari skýrslu sem trúnaðarmál. Þar kemur fram að helstu eignir Samtaka iðnaðarins við stofnun þeirra voru þessar: Eignarhlutur í Íslandsbanka hf. (upphaflega Iðnaðarbanka Íslands hf. (stofnaður 1953), eignarhlutur í fasteigninni að Hallveigarstíg 1 (byggt á árunum 1968-1973) og Háaleitisbraut 68. (áður í elgu Félag Íslenska prentiðnaðarins, eins af stofnendum SI). Allar þessar eignir voru annað hvort til komnar fyrir daga iðnaðarmálagjalds eða frá samtökum á borð við FÍP sem aldrei fékk tekjur af iðnaðarmálagjaldinu. Stofnsamtök SI voru sex talsins og einungis Félag Íslenskra Iðnrekenda og Landssamband Íslenskra Iðnaðarmanna höfðu tekjur af iðnaðarmálagjaldi. Samtals voru þessar eignir við stofnun Samtaka iðnaðarins 161 millj.kr. eða 91,5% af elgin fé Samtakanna.

Í meðfylgjandi yfirliti Gunnars M. Erlingssonar eru elginfjárbreytingarnar raktar fyrir hvert ár og sundurliðaðar eftir uppruna, þ.e. hagnaður af rekstri,

söluhagnaður, fjármagnstekjur og aðrar eiginfjárbreytingar. Þar kemur fram að frá upphafi hefur eigið fé Samtakanna hækkað um 2.100 millj.kr. en þar af er hagnaður af rekstri 314 millj.kr. eða tæp 15%. Í yfirlitinu eru skýringar við tekjufærðan söluhagnað og eiginfjárbreytingar sem því tengjast. Yfirgnæfandi hluti eiginfjármýndunar Samtakanna undanfarin ár er söluhagnaður á eignarhlut Samtakanna í Íslandsbanka hf. en sá eignarhlutur var áður, allt frá stofnun Iðnaðarbanka Íslands árið 1953, í eigu þeirra samtaka sem stóðu fyrir stofnun SI árið 1994. Þeir fjármunir eru nú til ávöxtunar í sérstöku félagi Akkur Holding AS. Verulegur hagnaður myndaðist einnig við sölu á eignarhlut SI í Húsfélagi Iðnaðarins en rétt er að ítreka að báðar þessar eignir voru til komnar fyrir daga Iðnaðarmálagjaldsins sem varð fyrst til árið 1975 með lögum nr. 48/1975. Niðurstaða endurskoðandans er þessi: **„Hækkun eiginfjár SI 1994 - 2006 er samkvæmt ofangreindu að langmestu leyti til komin vegna sölu eigna sem voru í eigu SI við stofnun Samtakanna 1.1.1994.“**

Almennt um Samtök Iðnaðarins og starf þeirra

Allt starf Samtaka Iðnaðarins miðar að því að efla íslenskan Iðnað með tiltækum ráðum og sést það glöggt í lögum þeirra.

Verkefni Samtakanna eru yfirleitt í þágu Iðnaðarins í heild og í raun í fæstum tilvikum takmörkuð við félagsmenn Samtaka Iðnaðarins.

Mjög fátt í starfsemi Samtakanna er lokað fyrirtækjum sem utan þeirra standa. Munurinn, sem felst í því að vera aðili og vera ekki aðili, felst einkum í tvennu, annars vegar símaþjónustu, ráðgjöf og erindrektstri ýmiss konar og afslætti af kostnaði vegna þjónustu, námskeiða og sýninga sem SI standa fyrir. Í sumum tilvikum eru fundir og námskeið lokað utanfélagsmönnum. Hins vegar er það svo að þeir, sem kjósa að standa utan SI, hafa ekki áhrif á mótun starfs þeirra og stefnu en SI hafa lagt mikla áherslu á að starf þeirra mótist og sé stjórnað af félagsmönnum Samtakanna sjálfum. Opin póstkosning fer fram um formann, stjórn og sex fulltrúa í ráðgjafaráð til þess að tryggja að félagsmenn veiji beint og milliliðalaust þá sem stjórna Samtökum Iðnaðarins. Þá starfa mörg félög og starfsgreinahópar innan Samtakanna, jafnvel með eigin stjórnun, að sínum sérstöku áhuga- og hagsmunamálum og beina verkefnum til stjórnar og starfsmanna Samtaka Iðnaðarins.

Aðild að SI er frjálís öllum fyrirtækjum og sjálfstæðum atvinnurekendum sem starfa í framleiðslu- og þjónustuiðnaði eða skyldum greinum. Sama gildir um Iðngreina- og meistarafélög.

Tekjur af Iðnaðarmálagjaldi og ráðstöfun

Árið 2006 skilaði ríkissjóður 298,1 milljónum króna til Samtaka Iðnaðarins af innheimtu Iðnaðarmálagjaldi. Rekstrargjöld SI voru hins vegar 373,9 milljónir fyrir afskriftir og fjármagnsliði.

Félagsgjöld og annað sjálfsaflafé (fyrir utan fjármagnstekjur) voru 136,8 milljónir króna. Ástæða þess að innhelmt félagsgjöld eru ekki hærrí en raun ber vitni er sú að undanfarin ár hefur verið velttur 25% almennur afsláttur af öllum félagsgjöldum til SI. Þá hafa einnig verið teknar upp afsláttarreglur fyrir stór fyrirtæki og fyrirtækjasamsteypur. Forsenda þess eru auknar tekjur vegna aukinna umsvifa í Iðnaði sem hefur skilað sér í hækkun tekna af Iðnaðarmálagjaldi og félagsgjöldum. Rétt er að benda á að þeir félagsmenn, sem greiða Iðnaðarmálagjald, fá það að fullu dregið frá félagsgjöldum sínum til SI og jafngildir það rúmlega 53% afslætti félagsgjalda. Ekki þykir rétt að þau fyrirtæki innan Samtaka Iðnaðarins, sem eru Iðnaðarmálagjaldsskyld, greiði meira til starfs Samtakanna en þau fyrirtæki sem eru aðilar en eru ekki gjaldskyld. Með þessum hætti greiða öll aðildarfyrirtæki SI jafnt til Samtakanna hvort sem þau eru gjaldskyld eða ekki. Hin, sem utan standa, greiða hins vegar einungis

iðnaðarmálagjald og taka þannig þátt í almennri hagsmunagæslu iðnaðarins. Áætla má að u.þ.b 55 - 65% af iðnaðarmálagjaldinu komi frá fyrirtækjum sem aðild eiga að Samtökunum. Sé einungis litið til stærstu iðnfyrirtækjanna er þetta hlutfall mun hærra.

Í Samtökum iðnaðarins voru 1.134 félagsmenn þegar atkvæði voru send út fyrir Iðnþing 2007.

Verkefni Samtaka iðnaðarins

Fyrir liggur ársskýrsla Samtaka iðnaðarins fyrir árið 2006 og fylgir hún þessari skýrslu til iðnaðarráðuneytisins. Í ársskýrslunni er á 48 síðum gerð grein fyrir áherslum í starfsemi SI og verkefnum sem unnið var að á árinu 2006 og vísast til hennar um nánari upplýsingar.

Ráðstöfun iðnaðarmálagjalds árið 2006 samkvæmt bókhaldi SI

Í meðfylgjandi töflu eru tekjur og gjöld skv. bókhaldi Samtaka iðnaðarins fyrir árið 2006. Í fremri dálki eru tekjur og gjöld samkvæmt samþykktum og endurskoðuðum ársreikningi. Í aftari dálki er gerð grein fyrir hlutdelid iðnaðarmálagjaldsins og við einstaka liði er gerð grein fyrir hvernig því er ráðstafað.

Rekstrartekjur:

	2006
Félagsgjöld.....	102.335
Iðnaðarmálagjald.....	298.106
Aðrar tekjur.....	34.485
Rekstrartekjur samtals	434.926

Rekstrargjöld:

	2006		%
	Heildar- kostnaður þús. kr.	Almennur kostnaður þús. kr.	
Laun og launatengd gjöld.....	172.386.755	149.459.317	86,7
Skrifstofu- og stjórn.kostnaður.....	42.804.670	33.962.788	79,3
Fundir, ráðstefnur og samskipti	28.230.717	23.713.802	84,0
Kynningarstarfsemi.....	34.060.640	24.832.269	72,9
Útgáfa.....	14.797.441	12.577.825	85,0
Útibú og sérverkefni	65.605.134	57.762.628	88,1
	357.885.357	302.308.629	84,5
Afskriftir fastafjármuna.....	15.974.734	0	0,0
Rekstrargjöld samtals	373.860.091	302.308.629	80,9

Nánari sundurliðun ráðstöfunar iðnaðarmálagjalds skv. bókhaldi

	2006		%
	þús. kr.	Iðnaðar- málagjald þús. kr.	
Laun og launatengd gjöld: ¹⁾			
Laun og launatengd gjöld	172.386.755	149.459.317	86,7
	172.386.755	149.459.317	86,7
Fundir og ráðstefnur: ²⁾			
Iðnþing.....	4.900.575	4.410.518	90,0
Námskeið, fundir, ráðstefnur.....	6.898.152	5.518.522	80,0
Árgjöld í félagum	2.801.382	2.521.244	90,0
Starf starfsgreinahópa.....	3.939.579	3.545.621	90,0
Stjórnar- og nefndarfundir.....	3.455.333	3.109.800	90,0
Styrkveitingar og viðurkenningar.....	5.594.399	3.916.079	70,0
Gestamóttaka	640.399	576.359	90,0
Kostnaðarlíkanið TAXTI.....	898	0	0,0
	28.230.717	23.598.142	84,0

Kynningarstarfsemi: ³⁾

Kynning starfsgreina og dagar iðnaðarins..	17.661.185	15.895.067	90,0
Kynning á SI	10.720.463	8.576.370	80,0
Veljum íslenskt	5.278.067	0	0,0
Styrkir og styrktarlínur.....	400.925	360.833	90,0
	34.060.640	24.832.270	72,9

Útgáfa: ⁴⁾

Íslenskur iðnaður.....	6.388.342	5.430.091	85,0
Dagbók, Hagtölur iðnaðarins o.fl.....	1.267.880	1.077.698	85,0
Ársskýrsla.....	1.494.936	1.270.696	85,0
Ýmis vefsetur SI.....	5.646.283	4.799.341	85,0
	14.797.441	12.577.826	85,0

Útlíbú og sérverkefni: ⁵⁾

Fræðslu- og félagamiðstöð iðnaðarins....	3.145.628	2.831.065	90,0
Gæðastjórnun.....	8.228.539	6.171.404	75,0
Skrifstofur Hafnarfirði og Akureyri.....	16.105.187	13.963.197	86,7
Íðan.is	1.351.740	1.351.740	100,0
Menntadagur iðnaðarins.....	1.683.110	1.683.110	100,0
Tryggingadellid útflutnings	1.083.332	1.083.332	100,0
Aðkeypt þjónusta v. verkefna.....	3.480.398	3.132.358	90,0
Evrópumál.....	1.822.124	1.639.912	90,0
Icechem.....	3.870	3.483	90,0
Samstarfssamningar við háskóla....	6.106.686	5.496.017	90,0
Menntamál	5.228.210	3.659.747	70,0
Hönnunarmiðstöð, Seed forum o.fl	13.077.275	13.077.275	100,0
Úttekt á ríkisumsvifum innan UT	3.610.870	3.610.870	100,0
Öryggi á vinnustöðum	64.117	64.117	100,0
Akkur Holding AS, rekstrarkostnaður	614.048	0	0
	65.605.134	57.767.627	88,1

Skrifstofu- og stjórnunarkostn.: ⁶⁾

Rekstur húsnæðis, hiti, ræsting o.fl..	14.216.319	12.325.549	86,7
Ritf, pappír, prent/ljósrit, blöð, póstur o.fl.	4.828.963	4.186.711	86,7
Rekstur tölvubúnaðar og sími.....	8.726.519	7.565.892	86,7
Aðkeypt sérfræðjaðstoð og innheimta ...	8.652.367	6.056.657	70,0
Endurskoðun, ársuppgjör.....	2.079.150	0	0,0
Tryggingar innbús.....	473.800	0	0,0
Starfsmannakostnaður og tryggingar ...	3.237.541	2.806.948	86,7
Rekstur bifreiðar og aðkeyptur akstur ..	1.177.660	1.021.031	86,7
Afskrifaðar kröfur	-587.649	0	0,0
	42.804.670	33.962.788	79,3

Skýringar:**1 LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD**

Gert er ráð fyrir að 3 ársverk af 22,5 séu unnin við verkefni sem ekki gagnast öðrum en félagsmönnum. Þar er um að ræða verkefni á borð við viðhald félagatala, innheimtu félagsgjalda og annað sem lýtur að rekstri Samtakanna og Húsfélagi iðnaðarins. Þetta svarar til 13,3% af launakostnaði. Þess vegna er hlutdeild iðnaðarmálagjaldsins í þessum liðum reiknuð 86,7%

JS
SP

2 FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR O.FL.

Iðnbíng er öllum opið.

Kostnaður við fundi og ráðstefnur er tvískiptur. Annars vegar er um að ræða fundi erlendis á vegum BUSINESSEUROPE, áður UNICE, sem eru samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda og margvíslegt Norðurlandasamstarf. Til umfjöllunar á þessum fundum eru almenn starfsskiyrðamál iðnaðarins. Hins vegar eru almennir fundir hérlendis, fræðslu- og félagsfundir sem auglýstir eru opinberlega og eru öllum opnir.

Félagsgjöld eru í félög á borð við ICEPRO, Hagsmunafélag um verk- og tækni menntun, Staðlaráð o.fl.

Á fundum stjórnar ráðgjafaráðs og starfsgreinahópa er að langmestu leyti fjallað um almenn hagsmunamál iðnaðarins óháð félagsaðild.

Opinberir aðilar, viðskiptamenn og fyrirtæki utan SI, hafa tekið þátt í stefnumótunarfundum starfsgreinahópa, þótt þeir séu ekki opnir almenningi.

Stærsti fundur ársins var í janúar og fjallaði um málefni hátækni iðnaðar en á haustdögum voru haldnir tveir stórir fundir um verndun og nýtingu náttúruauðlinda.

Stærstu styrkveitingar ársins runnu til Félags Ísl. bókaútgefenda vegna bóka-sýningar í Frankfurt, Þjóðminjasafnsins vegna sýningar á þjóðbúningasilfrí, MENNTAR vegna Íslandsmóts iðnnema og SEED FORUM ICELAND vegna kynningar á sprotafyrirtækjum. Aðrir styrkir eru einkum til meistarafélaga vegna kynningarmála og útgáfu námsefnis.

3 KYNNINGARSTARFSEMI

Kynningarstarf og sýningahald beinist að því að auglýsa íslenska framleiðslu og mikilvægi Íslensks iðnaðar í þjóðarþúskapnum, s.s. Íslenskir dagar í verslunum. Samkomulag hefur verið gert við IVR og ESA um að tekjum af iðnaðarmálagjaldi sé ekki varið í verkefni af þessu tagi.

Kynning starfsgreinahópa og Dagar iðnaðarins eru almenns eðlis og opnir almenningi. Stærstu viðburðir af því tagi voru Fundir um málefni hátækni iðnaðar, sýningin Verk og Vít með ráðstefnuhaldi um útboðsmarkaðinn, Menntadagur iðnaðarins, Framtíðin er í okkar höndum, Markaðsátak þjónustuiðngreina (tískuteymi) svo eitthvað sé nefnt.

4 ÚTGÁFA

Íslenskur iðnaður er málgagn Samtaka iðnaðarins og þar er fjallað um almenna hagsmuni iðnaðarins og stefnu Samtakanna. Blaðið er sent öllum félagsmönnum en auk þess í u.p.b. þúsund eintökum til fjölmargra aðila innlands og utan. Hver sem er getur óskað eftir því að fá blaðið sent án endurgjalds.

Ársskýrsla SI, dagbók og hagtölur eru sendar sömu aðilum og fá Íslenskan iðnað.

Helmasíðan www.sl.is er að sjálfsögðu öllum opin og um leið málgagn SI.

Samtökin halda auk þess útl ýmsum öðrum vefsetrum s.s. Meistarinn.is sem opin eru öllum.

5 ÚTIBÚ OG SÉRVERKEFNI

Styrkur til Félags- og fræðslumiðstöðvar iðnaðarins rennur til endurmenntunarstarfs sem unnið er í samvinnu við verkalýðsfélög. Á árinu náðist sá merki áfangi að sameina þau fjögur endurmenntunarfélög í iðnaði sem samtök iðnaðarins eiga aðild að í eitt félag IÐUNA fræðslusetur ehf. Síðan gekk Fræðslumiðstöð bílgreina inn í IÐUNA. Samið hefur verið um að Meistarfélag húsasmiða og önnur meistarafélög sem staðið hafa utan við þetta samstarf verði einnig aðilar að IÐUNNI.

Gæðastjórnunarverkefnið beinist annars vegar að því að innleiða gæðastjórnun í íslensk iðnfyrirtæki og hins vegar samvinnu við opinbera aðila um gæðatryggingu í opinberum framkvæmdum og innkaupum. Utanfélagsmenn fá aðgang að gæðastjórnunarverkefninu en gegn hærra gjaldi en félagsmenn greiða.

Skrifstofurnar á Akureyri og í Hafnarfirði eru reknar með sama hætti og aðalskrifstofan í Reykjavík með höfuðáherslu á upplýsingagjöf og þjónustu við iðnfyrirtæki á viðkomandi svæði.

SI eiga aðild að samstarfsverkefni um eflingu Tryggingadeildar útflutnings og kemur það öllum fyrirtækjum til góða.

JS
sp

Stærstu sérverkefni ársins eru samnorrænt verkefni um þekkingarbókhald NHKI, styrkir til námsefnisgerðar og úttækt á umsvifum ríkisins á sviði upplýsingatækni. SI elga aðild að Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetri um smáríki þar sem lagður er grunnur að rannsóknum á stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu, en SI hafa lagt áherslu á að standa fyrir og styðja við málefnalega umræðu um alþjóða- og Evrópumál. Því gerðust SI sérstakur bakhjarl Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki á árinu. Þá hafa SI gert samning við HR vegna fjarnáms í frumgreinadeld.

6 SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR

Þyngst vegur rekstur húsnæðisins að Borgartúni 35. Kostnaður við húsnæði, tölvukerfi og síma o.þ.h. er skipt í sama hlutfalli og launakostnaði, nema afskrifaðar kröfur. Undir sérfræðilaðstoð er réttaraðstoð í prófmálum og lögfræðiláit sem stjórn SI metur að hafi fordæmisgildi eða verulega þýðingu fyrir iðnaðinn í heild. Undir þennan lið fellur einnig kostnaður við launakannanir og þýðingarvinna.

Samantekt

Verkefni ársins 2006 voru mörg og margþætt og að venju unnin til hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu. Öll hafa þau að markmiði að efla iðnaðinn og stuðla að þróun hans og vexti.

Rekstrargjöld Samtaka iðnaðarins, fyrir afskriftir og fjármagnsliði, voru 373.860 þús kr. en rekstrartekjur voru samtals 434.926 þús kr.

Iðnaðarmálagjaldið var kr. 298.106 þús kr.

Kostnaður á móti Innheimtu iðnaðarmálagjaldi til almennra verkefna sem gagnast öllum iðnaði, sbr. sundurliðun og skýringar hér að framan, nam 302.309 þús. kr. Útgjöld SI til almennra verkefna voru því á árlinu 2006 u.þ.b. 4,2 milljónum kr. hærri en Innheimt iðnaðarmálagjald.


Í töflunni hér að neðan eru yfirlit yfir innheimt iðnaðarmálagjald undanfarin fimm ár í þúsundum króna, ráðstöfun fjármuna til almennra verkefna og fjármögnun þeirra með almennum félagsgjöldum og öðrum tekjum.

	Iðnaðarmálagjald	Almenn verkefni	Fjármagnað með félagsgjöldum og öðrum tekjum
2002	211.484	264.179	52.695
2003	197.359	234.617	37.258
2004	235.212	238.416	3.204
2005	262.243	265.918	3.675
2006	298.106	302.309	4.203
Samtals	1.204.404	1.305.439	101.035

Reykjavík, 29. október 2007



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri



Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri